

Bekkjarkennsla

Kennarar: Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Lýsing

Samþætting íslensku, náttúrugreina, samfélagsgreina og upplýsinga- og tæknimennt.

Við notumst við byrjendalæsi þar sem við lesum fjölbreytta gæðatexta um ákveðið viðfangsefni og vinnum ýmis verkefni út frá þeim.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Fyrirkomulag kennslu byggist einna helst á verkefna- og sjálfstæðri vinnu nemenda (einn eða fleiri saman). Kennari er leiðbeinandi, hann er með innlög/fyrirlestra þegar þess þarf. Áhersla er lögð á samþættingu á milli námsgreina og samfelli í námi. Nemendur vinna margvísleg verkefni til að dýpka þekkingu sína. Að lokum koma nemendur þekkingu sinni á framfæri með ýmsu móti.

Lögð er áhersla á sam- og hópavinnu nemenda, gagnrýna hugsun, skapandi skil og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir hvers nemenda og í mörgum tilfellum getur námsefnið jafnvel verið í höndum nemenda þar sem þeir velja sitt efni út frá áhugasviði.

Nemendur hafa aðgang að námsefni á hljóðbókaformi þegar kostur er á.

Stuðst er við skapandi skil og kappkostað að kenna nemendum að notfæra sér þær þjargir sem til eru.

Námsmat

Námsmat er margþætt en hæfniviðmið eru metin sífellt yfir skólaárið fá nemendur lokamat í formi “framvinduinkunnar” í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Á yngsta stigi metum við hæfni með fimm táknum: framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

Íslenska 4.bekkur-Varmahlíðarskóli - Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur tjáð skoðanir sínar og fært einföld rök fyrir þeim.
- Getur greint frá upplifun sinni eftir að hafa hlustað eða horft á leikið efni, ljóð og söngva. Getur nýtt sér efni á rafrænu formi og endursagt kjarna þess. Þjálfast í upplestri fyrir litlu upplestrarkeppnina, beitir þar skýrum og áheyrilegum framburði.
- Á góð samskipti, sýnir virka hlustun, áhuga og kurteisi.

Íslenska 4.bekkur-Varmahlíðarskóli - Lestur og bókmenntir

- Les áheyrilega
- Þekkir og getur rætt um söguþráð, boðskap og umhverfi í texta.
- Getur lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Les fjölbreytt efni við hæfi, s.s. sögur, ljóð og ævintýri.
- Kannast við fáein hugtök í bragfræði, s.s. rím, kvæði og vísa.
- Les u.þ.b. 120 orð á mínútu að vori.
- Velur sér lesefni sem hæfir áhuga og þörfum.
- Getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af veraldarvefnum og nýtt upplýsingarnar í vinnu.

Íslenska 4.bekkur-Varmahlíðarskóli - Ritun

- Skrifar skýrt og læsilega.
- Þekkir og vinnur með mismunandi textagerðir, s.s. fréttir, frásögn og auglýsingar úr bókum, blöðum og af veraldarvefnum.
- Getur skrifað fjölbreyttan texta, s.s. fréttir, sendibréf, boðskort eða frásögn og leyft öðrum að njóta skrifanna.
- Notar einfaldar stafsetningarreglur í ritun texta (-ng og -nk reglan kynnt).

Íslenska 4.bekkur-Varmahlíðarskóli

- Getur nýtt sér stafrófið til leitar og við skipulag.
- Getur bætt greini við nafnorð og stafsett rétt með hjálp orðanna minn og mín.

- Getur fundið nútíð og þátíð sagnorða.
- Gerir sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Getur fallbeygt nafnorð og þekkir heiti falla.
- Getur fundið kyn og tölu nafnorða.
- Getur stigbreytt lýsingarorð.

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b. - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Geti útskýrt muninn á árstíðabundnu náttúrufari.
- Átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Átti sig á einkennum og sérstöðu Íslands í heiminum.
- Læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og komið auga á þarfir og vandamál.

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b. - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Geti útskýrt þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Geti sagt frá náttúruhamföllum sem búast má við á Íslandi.
- Geti framkvæmt og sagt frá einföldum athugunum (t.d. náttúra, dýr og veður)
- Kunni skil á mikilvægi endurvinnslu og geti flokkað úrgang.
- Geti útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans (einkastaðir).
- Kunni skil á nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu (hringrás vatns).

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b.

- Þekki helstu hættur á heimili sínu og í nærumhverfi.

VS - Samfélagsgreinar 4. bekkur - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Kunni skil á nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu (hringrás vatns).

- Geti sagt frá sinni heimabyggð, séreinkennum og staðhátum.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Geti útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.
- Átti sig á einkennum og sérstöðu Íslands í heiminum.
- Átti sig á mismunandi fjölskyldugerðum og mikilvægi fjölskyldunnar.

VS - Samfélagsgreinar 4. bekkur

- Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.
- Þekkir til mismunandi menningarheima og trúarbragða.

VS - Samfélagsgreinar 4. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.

VS - Samfélagsgreinar 4. bekkur - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Geti sýnt tillitssemi og unnið með öðrum með ólíkar skoðanir og þarfir.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.

VS Upplýsinga- og tæknimennt - 3.-4.b. - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækniúnaði.
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.

- Vinnusemi góð.

VS Upplýsinga- og tæknimennt - 3.-4.b.

- Getur átt góð samskipti.
- Vinnur vel í hóp.
- Hegðun og framkoma góð.
- Sýnir góða samvinnu.
- Sýnir getu til að hugsa nokkur skref fram í tímann.
- Tekur þátt í umræðum og gerir grein fyrir skoðunum sínum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt - 3.-4.b. - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- Sýnir skapandi hugsun við lausn verkefna.
- Sýnir þrautseigju við lausn verkefna og lærir af mistökum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt - 3.-4.b. - Tækni og búnaður

- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- Geti sýnt ábyrgð á meðferð tækja hvort sem um ræðir hans eign eða annarra.

VS Upplýsinga- og tæknimennt - 3.-4.b. - Sköpun og miðlun

- Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.

VS Upplýsinga- og tæknimennt - 3.-4.b. - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.

- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

- Himingimurinn og tunglið

- Hreindýr

Stuðst við fróðleik um hreindýr úr bæklingi gefin út af Náttúrustofu Austurlands og Þekkingarneti Austurlands Samþætting ísl-sam-nát-myn

Að nemendur bæti við þekkingu sína á;

-heimkynnum hreindýra,

-fæðu hreindýra,

-ættum hreindýra,

-útliti hreindýra,

-lífnaðarháttum hreindýra.

Að nemendur þjálfist í að lesa, hlusta, rita og tjá sig.

Að nemendur auki orðaforða sinn.

- Nýsköpun og tilraunir

Nemendur læra að framkvæma ýmsar tilraunir, kynnast vísindalegum ferlum og skýrslugerð.

Í nýsköpun ígrunda nemendur og þarfagreina sitt eigið umhverfi. Lögð áhersla á STEM hönnunarferli og nemendur móta og skapa eigin hugmyndir.

- Um haust (ljóð)

Um haust

Það kólnar í lofti, því komið er haust,

í kuldablæ heyra má vetrarins raust.

Og snjókornin físléttu falla á svörð,

og fannblæju leggur á sólnaða jörð.

Þá syngjum við hugglögð um sumarið ljóð

og sitjum í skóla, svo þæg og svo góð.

Og vöxum að þroska og visku á því,

uns vorbirtan kemur og frelsið á ný.

- Upplýsingatækni

Lögð áhersla á að læra fingrafimi.

Einnig læra nemendur að nýta sér þjargir á netinu.

Farið verður yfir gæði heimilda og yfir þau leyfi sem þarf þegar notast á við það sem finna má á netinu.

Netöryggi.

Leita á netinu, finna myndir og nýta sér texta.

Ýmis öpp og heimasíður: Book creator, Canva, o.fl.

- Þegar litirnir fengu nóg